

Reykjavík 15. desember 2008

Til allar lækna og þeirra sem koma að greiningu æxla og sarkmeina!

EFNI: *Tilkynning um starfsemi sérstaks meðferðarteymis fyrir sarkmein á Íslandi, IceSG*

Í byrjun árs 2005 tók til starfa óformlegur vinnuhópur lækna á Landspítala sem hafði það að markmiði að samræma og bæta meðferð sjúklinga með sarkmein á Íslandi (4,6). Vinnuhópur þessi setti sér ákveðnar starfsreglur og verkferla til að bæta uppvinnslu sarkmeina og samskipti á milli lækna og erlenda ráðgjafa hópsins hjá SSG í Svíðþjóð. <http://www3.hi.is/~hjjr/index.php?loc=1fraedsla&grein=296>. Tíðni sarkmeina á Íslandi er svipuð því sem gerist í nágrannalöndum okkar. Tvær rannsóknir á nýgengi sarkmeina á Íslandi, mjúkvefjasarkmeina 1955-1988 og beinsarkmeina 1955-1974, staðfesti að sarkmein eru algengari í mjúkvefjum en í beini eða 1,8/100.000 íbúa fyrir karla og 1,6/100.000 fyrir konur, en nýgengi beinsarkmeina var 0,85/100.000 íbúa^{2,3}. Árið 2004 var nýgengið endurmetið fyrir tímabilið 1989 – 2003 og kom þá í ljós að aukning hafði orðið á mjúkvefjaæxlum hjá körlum í 3,0/100.000, en tíðni beinsarkmeina var óbreytt¹.


Ofangreint ferli breiddi anga sína út til annarra kollega sem tengdust meðferð sarkmeina á Íslandi á einn eða annan hátt bæði innan spítalans sem utan. Þann 17.10.2007 var formlega stofnaður vinnuhópur sem gefið var nafnið IceSG¹⁰ í samræmi við SSG í Lundi í Svíþjóð. Vinnuhópurinn hefur fundað um uppkomin tilfelli, meðferðir og útkomur sem hafa verið vandlega skráð um eins árs skeið. Á síðasta aðalfundi þann 05.09 sl.¹¹ var samróma álit um að slík starfsemi eigi rétt á sér hér á landi eins og á hinum Norðurlöndunum⁷⁻⁹. Þá hefur staðfesting fengist frá framkvæmdastjóra lækninga þess efnis að LSH sé tilbúinn að ganga til formlegrar starfsemi í þessum málaflokki.

Við undirrituð viljum því beina þeim tilmælum til annarra lækna að vísa til okkar öllum sjúklingum með grunsamlegar fyrirferðir í mjúkvefjum eða beinabreytingar sem gefa sterka vísbandinu til að geta verið sarkmein. Einnig óskast sendar beiðnir án frekari tafa í þeim tilvikum sem vefjarannsókn reynist jákvæð. Beiðnir ásamt fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöðum og nauðsynlegum upplýsingum um viðkomandi einstakling sendist á Bæklunarskurðeild LSH – IceSG, 108 Fossvogi. Upplýsingar um niðurstöðu hjá IceSG verða sendar til þess sem sendi beiðnina sem og heimilislækni einstaklings.

Virðingarfyllst,

— *Halldór Jónsson jr* —

Halldór Jónsson jr (sign)

**MEÐLIMIR IceSG:**

1. Bjarni A Agnarsson (BAA), Rannsóknarstofa háskólans í meinafræði
2. Eiríkur Jónsson, (EJ), Þvagfæraskurðeild LSH
3. Guðmundur K Jónmundsson (GKJ), Barnalyflækningadeild LSH
4. Halldór Jónsson jr (HJjr), Bæklunarskurðlækningadeild LSH
5. Halldóra Kristín Þórarinsdóttir (HKÞ), Barnalyflækningadeild LSH
6. Helgi Hafsteinn Helgason (HHH), Krabbameinslækningadeild LSH
7. Helgi Sigurðsson (HS), Krabbameinslækningadeild LSH
8. Hildur Einarsdóttir (HE), Myndgreiningardeild LSH
9. Hlynur N Grímsson (HNG), Krabbameinslækningadeild LSH
10. Ingibjörg Guðmundsdóttir (IG), Frumurannsóknardeildinni í Glæsibæ
11. Jón R Kristinsson (JRK), Barnalyflækningadeild LSH
12. Krístrún R Benediktsdóttir (KRB), Rannsóknarstofa háskólans í meinafræði
13. Margrét Snorraddóttir (MS), Frumurannsóknardeildinni í Glæsibæ
14. Ólafur Gísli Jónsson (ÓGJ), Barnalyflækningadeild LSH
15. Óskar Þór Jóhannsson (ÓÞJ), Krabbameinslækningadeild LSH
16. Þorvaldur Ingvarsson (ÞI), Bæklunarskurðlækningadeild FSA
17. Þráinn Rósmundsson (ÞR), Barnaskurðlækningadeild LSH

TILVITNANIR:

1. Jónsdóttir K: Nýgengi Sarkmeina á Íslandi, Læknadeild. Reykjavík, Háskóli Íslands, 2003, pp 28
2. Agnarsson BA, Baldursson G, Benediktsdóttir KR, Hrafnkelsson J. Tumours in Iceland. 14. Malignant tumours of soft tissues. Histological classification and epidemiological considerations. *Apmis* 1991;99(5):443-8.
3. Baldursson G, Agnarsson BA, Benediktsdóttir KR, Hrafnkelsson J. Soft tissue sarcomas in Iceland 1955-1988. Analysis of survival and prognostic factors. *Acta Oncol* 1991;30(5):563-8.
4. Gustafson P: Soft tissue sarcoma. Epidemiology and prognosis in 508 patients. *Acta Orthop Scand Suppl* 259:1-31, 1994
5. Alvegard TA: SSG XIII - A Scandinavian Sarcoma Group Protocol for Adult Patients with High-Risk Soft Tissue Sarcoma of the Extremities and Trunk Wall, Scandinavian Sarcoma Group, 1998, pp 29
6. Rydholm A, Gustafson P, Alvegard TA, et al: Prognostic factors in soft tissue sarcoma. A review and the Scandinavian Sarcoma Group experience. *Acta Orthop Scand Suppl* 285:50-7, 1999
7. Rydholm A: Improving the management of soft tissue sarcoma. Diagnosis and treatment should be given in specialist centres. *Bmj* 317:93-4, 1998
8. Gustafson P, Dreinhofer KE, Rydholm A: Soft tissue sarcoma should be treated at a tumor center. A comparison of quality of surgery in 375 patients. *Acta Orthop Scand* 65:47-50, 1994
9. Alvegard TA, Bauer H, Blomqvist C, et al: The Scandinavian Sarcoma Group. Background, organization and the Central Register--the first 20 years. *Acta Orthop Scand Suppl* 285:3-7, 1999
10. IceSG: 1. Fundargerð IceSG, in jr. HJ (ed): 1. Fundargerð IceSG. Reykjavík, 17.10.2007
11. IceSG: 9. Fundargerð IceSG, in jr. HJ (ed): 1. Fundargerð IceSG. Reykjavík, 05.09.2008